

Áfangaskýrsla stýrihóps vegna forsendugreiningu fyrir verndun Breiðafjarðar og tengsl við byggðapróun

Inngangur

Stýrihópur um forsendugreiningu fyrir verndun Breiðafjarðar og tengsl við byggðapróun var skipaður 3. mars 2022 og hóf störf í kjölfarið. Stýrihópnum var falið að stýra vinnu þar sem greint yrði verndargildi svæðisins og áhrif þess, tækifæri og ógnanir varðandi samfélag, byggð og atvinnulíf. Greining stýrihópsins skyldi svo leiða til tillögu um framtíð verndarsvæðis Breiðafjarðar sem fæli í sér að vernd Breiðafjarðar standi styrkari fótum og stuðli að eflingu byggða.

Samkvæmt verksamningi umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytis, Fjórðungssambands Vestfirðinga og Samtaka sveitarfélaga á Vesturlandi frá 2021 er áætlað að stýrihópur skili sínum tillögum eigi síðar en í lok júní 2023.

Vinna stýrihópsins hefur dregist og ljóst að hann nær ekki að skila tillögum sínum til ráðherra í júní 2023 eins og ráðgert var. Þessi áfangaskýrsla skýrir stöðu verkefnisins og fer stýrihópurinn þess á leit við ráðherra að framlengja verkefnið til ársloka til að auka líkur á að sátt verði um framtíð Breiðafjarðarsvæðis með tilliti til verndunar og byggðapróunar.

Fundir stýrihóps frá mars 2022 til júní 2023

Stýrihópur hóf vinnu fljótlega eftir skipun og átti fyrsta fund 15. mars 2022. Hópurinn hefur komið saman á átta Teams fundum á starfstímanum og hafa auk þess farið fram fimm fundir þar sem formaður og starfsmaður stýrihóps hittust ásamt framkvæmdastjórum landshlutasamtaka á Vesturlandi og Vestfjörðum. Auk Teams funda mættu nokkrir fulltrúar stýrihóps á tvo staðarfundi vegna sviðsmyndagreiningar fyrir Breiðafjörð, sem KPMG hefur unnið fyrir stýrihópinn (sjá viðauka II).

Allar fundargerðir eru vistaðar hjá starfsmanni stýrihóps á Náttúrustofu Vesturlands. Þær eru einnig í viðauka III.

Verkferli stýrihóps

Stýrihópur hefur í sínu starfi fylgt áður nefndum verksamningi þar sem skilgreindir eru þrír verkhlutar. Hér er í stuttu máli fjallað um stöðu þeirra í vinnu stýrihópsins.

1. Stöðugreining

Stöðugreining er yfirlitsskýrsla fyrir Breiðafjarðarsvæðið og greinir náttúrufar Breiðafjarðar, auk félagslegra- og efnahagslegra þátta svæðisins. Stöðugreining tekur saman opinber gögn, sem gefa mynd af grunnþáttum svæðisins. Þannig skapar hún skilning fyrir vinnu stýrihópsins.

Stöðugreining fyrir Breiðafjörð var unnin af starfsmanni stýrihóps, Jakobi Johanni Stakowski, árið 2022 og fylgir í viðauka I.

2. Sviðsmyndagreining

Sviðsmyndagreining er leið til að setja upp ólíkar birtingarmyndir framtíðar á skýran, einfaldan og aðgengilegan hátt til að efla skilning á hugsanlegri framtíð. Markmiðið með sviðsmyndum er að auðvelda stjórnendum að taka upplýstar ákvarðanir.

Sviðsmyndagreining, unnin af KPMG, byggir m.a. á tveim fundum sem fóru fram haustið 2022. Á fyrri fundinn mættu fulltrúar KPMG og valinn hópur fulltrúa stýrihóps til að greina drifkrafta Breiðafjarðarsvæðisins. Á seinni fundinum voru mögulegar sviðsmyndir fyrir Breiðafjörð ræddar meðal þátttakenda. Niðurstöður þessarar vinnu koma fram í sviðsmyndagreiningu fyrir Breiðafjörð, sem KPMG skilaði til stýrihóps í mars 2023 og fylgir í viðauka II. Sviðsmyndagreining fyrir Breiðafjörð setur upp fjórar sviðsmyndir sem sýna hvernig möguleg þróun getur átt sér stað og er með henni reynt að varpa ljósi á hvaða ákvarðanir þarf að taka í náinni framtíð til að styrkja og efla náttúru Breiðafjarðar og samfélagið á svæðinu.

3. Greining aðgerða með tilliti til tækifæra og áskorana og mismunandi sviðsmynda.

Þriðji verkhlutinn er greining aðgerða til framtíðar sem mun leiða til tillagna stýrihóps til umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra. Þriðji verkhlutinn felur í sér aðkomu heimafólks, sérfræðinga og hagsmunaaðila að vinnuferli stýrihóps og byggir þar af leiðandi á fullnægjandi niðurstöðum úr verkhlutum 1 og 2.

Samkvæmt verklýsingu er þriðji verkhlutinn samsettur af tveim verkefnum:

1. Hagræn greining. Lagt verður mat á hagrænt virði mismunandi sviðsmynda.
2. Vinnustofur. Stýrihópur mun halda vinnustofur þar sem farið verður yfir sviðsmyndir og vinnuferli stýrihóps. Í þessum hluta verða hugmyndir mótaðar um þróun svæðisins og gerð verður greining á tækifærum og áskorunum. Þátttaka heimafólks er lykill í þessum verkhluta.

Þriðji verkhluti stýrihóps hefur enn ekki verið framkvæmdur.

Samráðshópur

Auk ofangreindra verkhluta var stýrihópnum falið að stofna samráðshóp fulltrúa sveitarfélaganna við Breiðafjörð, sem er stýrihópnum til ráðgjafar og samráðs í vinnu að verkefninu. Samráðshópurinn var stofnaður árið 2022 og haldinn var samráðsfundur um sviðsmyndagreininguna þann 5. júní 2023. Stýrihópurinn fer nú yfir ábendingar frá fulltrúum samráðshóps og eru niðurstöður úrvinnslunnar væntanlegar. Fundargerð fyrir fund stýrihóps og samráðshóps er í viðauka III.

Hugmyndir í kynningar- og greiningarferli

Stýrihópur hefur kynnt sér fjölda möguleika sem stuðla að verndun Breiðafjarðar og hvernig þeir tengjast byggðapróun. Hér verður greint frá hugmyndum sem stýrihópur mun greina betur áður en endanlegar tillögur stýrihóps verða sendar til ráðherra. Mikilvægt er að hafa tvennt í huga í ljósi stöðu verkefnisins. Í fyrsta lagi hefur hagræn greining sviðsmynda ekki farið fram og er mögulegt að sú greining geti haft áhrif á tillögur sem stýrihópurinn leggur fram til ráðherra. Í öðru lagi er samráði við heimafólk við Breiðafjörð ekki lokið og mun stýrihópur taka tillit til niðurstaðna þess í sínum tillögum til ráðherra.

Hugmyndir stýrihópsins eru enn í mótun en á þessum tímapunkti leggur stýrihópurinn fram eftirfarandi:

Landvarsla

- Landvarsla við Breiðafjörð er einungis til staðar í Vatnsfirði og Flatey. Stýrihópur leggur til að landvarsla verði eflað í þeim tilgangi að auka umsjón með og fræðslu um svæðið. Landvarslan er bundin afmörkuðum svæðum Breiðafjarðar og þar sem hún fer fram er hún tímabundin við sumarmánaði. Landvarslan eins og henni er háttað hefur þar af leiðandi takmarkaða möguleika til að sinna málefnum Breiðafjarðar. Aukinn fjöldi ferðamanna á svæðinu kallar á að fylgst verði betur með lífríkinu.

Mörk verndarsvæðis Breiðafjarðar.

- Yfirfara þarf skilgreiningu á mörkum verndarsvæðis Breiðafjarðar. Lög nr. 54/1995 um vernd Breiðafjarðar afmarka verndarsvæðið en skýra þarf lögin þannig að enginn vafi leiki á umfangi verndarsvæðisins. Hér er ekki verið að leggja fram tillögu um stækkun eða minnkun verndarsvæðis, einungis að mörk og umfang verndarsvæðisins verði hafin yfir allan vafa. Náttúruverndarlög nr. 60/2013, 40. gr. gefa vísbindingu um að hverju þurfi að huga við afmörkun verndarsvæðis.

Nýting auðlinda Breiðafjarðar

- Nýting Breiðafjarðar þarf að vera sjálfbær og byggjast á vísindalegum gögnum. Við mat á sjálfbærni hvers kyns nýtingar er mikilvægt að horfa ekki einungis til einnar tegundar, heldur áhrifa nýtingarinnar á vistkerfi Breiðafjarðar. Þannig verði tryggt að nýting tegunda skaði ekki aðra hagsmuni eða lífríki Breiðafjarðar í heild sinni.

Skipulag haf- og strandsvæðis

- Hugað verði að því að nýta löggjöf um haf- og strandsvæði (lög nr. 88/2018) fyrir Breiðafjörð. Skipulag haf- og strandsvæða er skipulagsáætlun fyrir afmarkað svæði á fjörðum og flóum utan staðarmarka sveitarfélaga, þar sem sett er fram stefna og ákvarðanir stjórnvalda um framtíðarnýtingu og vernd svæðisins.

Efling rannsókna

- Stýrihópur leggur áherslu á að efla rannsóknir við Breiðafjörð. Rannsóknir á lífríki Breiðafjarðar eru grunnur að upplýstum ákvörðum um nýtingu og vernd svæðisins og

þarf rannsóknastarf m.a. að beinast að auðlindum í stærra samhengi alls vistkerfis Breiðafjarðar.

Framhald vinnu stýrihópsins

Verksamningur sem liggur til grundvallar vinnu stýrihóps hefur þrjá verkhluta eins og hefur komið fram. Stýrihópur á eftir að vinna þriðja verkhluta samkvæmt verkefnalýsingu. Vífill Karlsson, sérfræðingur á sviði haggreininga hjá SSV, hefur fengist til að vinna hagræna greiningu og er sú greining undirstaða fyrir komandi samráð við heimafólk Breiðafjarðar. Vinna við hagræna greiningu mun hefjast eftir sumarleyfi 2023. Vinnustofur og samráð við heimafólk og hagaðila svo og almennt samráð munu fylgja í framhaldi af hagrænu greiningunni.

Á meðan vinna við hagræna greiningu stendur yfir mun stýrihópur halda áfram að kynna sér möguleg úrræði fyrir verndun Breiðafjarðar og tengsl við byggðaþróun. Stýrihópur er nú þegar með í undirbúningi nokkrar kynningar sem m.a. taka fyrir friðlýsingar sem eiga við bæði á landi og hafi, frekari upplýsingar um landvörslu á Breiðafirði og mögulegar breytingar á lögum nr. 54/1995 um vernd Breiðafjarðar. Stýrihópur fer auk þess að undirbúa samráð við íbúa og hagaðila á meðan hagræna greiningin er í vinnslu og mun fara í samráðsferli um leið og greiningin liggur fyrir. Fulltrúar stýrihóps munu í samvinnu búa til áætlun fyrir samráðsferli samkvæmt verkefnalýsingu. Samráð við heimafólk er mikilvægur þáttur verkefnisins og leggur stýrihópurinn mikla áherslu á þennan verkhluta.

Stýrihópur mun í kjölfarið vinna lokaskýrslu með tillögum til ráðherra.

Lokaorð

Vinna stýrihóps hefur farið fram í meira en ár og ljóst er að málefni Breiðafjarðar er krefjandi í ljósi stærðar og fjölbreytileika svæðisins á landi og í sjó. Vinna stýrihóps hefur engar fyrirmyndir á Íslandi og hefur stýrihópur sett sér þá kröfu að vinna málefnið ítarlega og í samráði við heimamenn með það að markmiði að sátt skapist um þær tillögur sem stýrihópurinn sendir til ráðherra.

Stýrihópur fer þess á leit við ráðherra að verkefnið verði framlengt til 31. desember 2023, ekki síst í ljósi þess að Náttúrufræðistofnun Íslands lagði til 2018 í tillögum í B-hluta náttúruminjaskrár (<https://www.ni.is/is/midlun/natturuminjaskra>), að meginhluti sama svæðis og stýrihópur fjallar hér um m.a. á grundvelli fjölskrúðugs fuglalífs og tegundum falla undir alþjóðleg verndarviðmið. Telur stýrihópurinn hið mikla umfang svæðis sem felst í tillögu Náttúrufræðistofnunar muni kalla á víðtæka umræðu og sterk viðbrögð verði hún lögð fram í óbreyttri mynd á Alþingi. Stýrihópur er meðvitaður um vinnu umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytis við tilmæli Bernarsamningsins nr. 218 en þar eru m.a. tillögur um hvernig styrkja megi vernd Breiðafjarðar. Stýrihópur mun taka tilmæli til hliðsjónar í lokatillögum hópsins.

Með því að ljúka forsendugreiningu og tengingu við þróun samfélaga og atvinnulífs við Breiðafjörð telur stýrihópurinn að þá liggi málið mun skýrar fyrir.

Með bestu kveðjum,

Fh. stýrihóps

A handwritten signature in black ink, reading "Sigríður Finsen". The signature is written in a cursive style with a prominent horizontal line above the "F" in "Finsen".

Sigríður Finsen,

formaður